



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 44. mál

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 44. Með frumvarpinu er lagt til að skuldabréf og tryggingabréf sem tryggð eru með veði í fasteign, sem og kaupsamningar og afsöl vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls og því ekki greitt stimpilgjald af þeim skjölum.

Samtök atvinnulífsins hafa um langt skeið talað fyrir afnámi stimpilgjalda, vörugjalda og eignarskatta. Þessir skattar hafa verið lagðir af í helstu viðskiptalöndum okkar og skerða því samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Hvað einstaklinga varðar leggst stimpilgjald einkum á þá í tengslum við fasteignakaup, þó ekki vegna kaupa á húsnæði í fyrsta sinn. Þar sem skatturinn veitir rétt til vaxtabóta er hann að hluta til endurgreiddur einstaklingum ári eftir að hann er innheimtur. Almennt þekkist ekki á hinum Norðurlöndunum að lagt sé á stimpilgjald í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun lána.

Stimpilgjöld eru að auki handahófskenndur skattur. Þau fyrirtæki sem hafa til þess leiðir víkja sér að mestu undan því að greiða skattinn á meðan að önnur fyrirtæki komast ekki hjá því að greiða. Tekjur ríkisins af stimpilgjöldum eru áætlaðar 2,9 ma.kr. í ár og 3,2 ma.kr. á árinu 2012. Samkvæmt lauslegri athugun fjármálaráðuneytis má ætla að um helmingur tekna af stimpilgjöldum tengist fasteignaviðskiptum.

SA telja ásættanlegt í ljósi núverandi afkomu ríkissjóðs að afnema stimpilgjöld í áföngum á þremur árum. Í stað þess að afnema stimpilgjöld af öllum viðskiptum tengdum íbúðarhúsnæði væri edlilegra að taka nú það skref að afnema stimpilgjöld við endurfjármögnun lána, óháð því hvort um sé að ræða lán vegna íbúðarkaupa eða atvinnurekstrar, og á útgáfu hlutabréfa. Í ársbyrjun 2013 yrðu felld niður stimpilgjöld af öllum viðskiptum tengdum íbúðarhúsnæði og í ársbyrjun 2014 yrðu önnur stimpilgjöld felld niður. Í stað stimpilgjalda komi einhvers konar notendagjald til þess að standa straum af kostnaði við nauðsynlega skjalaskráningu og varðveislu í tengslum við fasteignaviðskipti.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins